

Nr. 21-019 S 010 Daðey GK 777***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2799
Smíðaður: Seigur, 2010, trefjaplast.
Útgerð: Vísir hf
Stærð: 19,57 bt.
Mesta lengd: 13,46 m *Skráð lengd:* 11,56 m
Breidd: 3,78 m *Dýpt:* 1,48 m
Vél: Volvo Penta, 335 kw, 2009.
Fjöldi skipverja: 4



Daðey©Gestur Leo Gíslason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. febrúar 2021 var Daðey GK 777 við landfestar í Sandgerðishöfn. Veður: ANA 6 m/s.

Skipverjar voru að hífa beitukar um borð og niður um aftari lúgu á yfirbyggingu bátsins. Einn þeirra tók á mótí fiskikarinu en við það klemmdi hann vinstri hendi á milli efri lúgukarms og karsins með þeim afleiðingum að baugfingur brotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var staðsettur á neðra þilfari og var að stýra fiskikarinu niður um lúgukarminn á þakinu;
- að við hífinguna var notaður löndunarkrani á bryggjunni;
- að ítrekað var reynt að ná í slasaða en án árangurs.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.